

218 verðlag til fyrsta aflesturs rafmagnsmæla eftir að lokið verður þeirri aukningu Sogs-
29. nóv. virkjunarinnar, sem nú stendur yfir, en þá öðlast aftur gildi þau ákvæði gjaldskrár
Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940, sem með þessari auglýsingu er breytt
eða felld úr gildi um stundarsakir.

Birtist gjaldskrárbreytingin til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Torfi Þórðarson.

219

6. des.

AUGLÝSING

bann gegn flutningi jurta o. fl. milli landshluta innanlands.

Það hefur komið í ljós, að garðar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og héruðunum
þaðan sunnanlands að Mýrdalssandi, svo og garðar í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-
kaupstað og Suður-Þingeyjarsýslu, eru víðast sýktir af kálmaðki. Er því, samkvæmt
lögum nr. 17 13. maí 1927, bannaður allur flutningur á innlendum jurtum með rótum
og garðmold frá hinum sýktu svæðum til annarra landshluta, þar á meðal til Gríms-
eyjar og Vestmannaeyja.

Brot gegn ákvæðum þessum varða 100—5000 króna sektum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

220

8. des.

AUGLÝSING

um breytingar á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

32. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, garðávextir, sykur, kjöt, saltfiskur, ísaður fiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi, freðsild, óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknast eftir þyngd, legsteinar, eldfastir steinar og leir, gólf- og veggflisar, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hevvinnsluvélar, plógar, herfi, blý, vír, vírnet, akkeri, kalk, fræ, fódurbætir, hey, tilbúinn áburður, saltaðar gærur og saltaðar húðir.
3. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg: Ólíur, benzín, feiti, smjörliki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, bindigarn, net, línur, önglar, olíufatnaður

og útgerðarvörur, ótaldar annars staðar, ull, hert skinn, hertur sundmagi, hrað-
frystur fiskur.

220

8. des.

4. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kitti, lím, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, brennisteinn o. þ. h., korkur, korkvörur, brauðvörur alls konar, gólfdukur, gúmmí, gúmmí-
vörur, pappír, pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, plöntur, ávextir, niðursuðuvörur, blikkvörur, hjólhestar og varahlutar í þá, tin, zink, seglgarn, ger, gerefni, smíðatól, skóflur, hakar og þess háttar, vörur úr kopar, eir, messing, bronse, emalleraðar vörur, glervörur, leirvörur, leðurvörur, smávélar alls konar, smáíðnaðarvélar, hreinlætisvörur, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, ölgerðarvörur og efni til ölgerðar, öl, gosdrykkir, ávaxtdrykkir, burstavörur, smájárnvörur, eldhúsáhöld, barnavagnar, bökunarvörur, kaffi, kaffibætir.
5. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 10 kg: Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljós-
myndavörur, lyfjavörur, snyrtivörur, eldspýtur, viðtæki, smá-hljóðfæri, hljóm-
vélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmí,
fatnaður alls konar, klukkur, mælar, símar, áttavitar, sportvörur, skot, skótfæri,
sprengiefni, súkkulaði, sælgæti, kakaóduft, te, húsgögn, peningaskápar, jólatré,
leikföng, sýnishorn og glysvarningur, ótalinn annars staðar.
6. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg: Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
7. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir stykki: Kindaskrokkar, tómar tunnur og föt, upp-
sett og óuppsett.
8. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir teningsfet: Trjáviður.
9. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir teningsfet: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir
rúmmáli.
10. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir tunnu: Saltsíld.
11. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hvert stykki: Stórgripir, sauðkindur, geitur, loðdýr.
Þó skal lægsta gjald af aðfluttum og brottfluttum vörum aldrei vera minna en
20 aurar, en ekki skal taka tvisvar gjald af sömu vöru, enda sé þess getið á farmskrá,
sé um vöru að ræða, sem vörugjald hefur áður verið tekið af.

2. gr.

37. gr. orðist svo:

Vélbátar, minni en 12 smálestir brúttó, greiði í hafnar-, bryggju og ljósgjald 10
krónur í hvert sinn, er þeir koma til hafnar eða 25 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Vélbátar með þilfari, sem heima eiga á staðnum, greiði frá 75 til 150 krónur ár-
legt gjald. Opnir vélbátar 50 til 100 krónur. Róðrabátar 10 krónur.

3. gr.

Öll önnur gjöld samkv. 32. og 37. gr. skulu fyrst um sinn, þar til öðruvisi verður
ákveðið, innheimt með 50 til 100% álagi, eftir ákvörðun hafnarnefndar, fyrir ár í
senn. Þó skulu strandferðaskip ríkisins og skip Eimskipafélags Íslands aðeins greiða
50% hækkun.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 19. júní
1933, um hafnargerð á Húsavík, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1944, og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.